



STJÓRN SSH 444. fundur

Þriðjudaginn 6. júní 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaganna

Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sat fundinn undir þessum dagskrárlið ásamt Guðjóni Friðrikssyni úr Garðabæ og Ingólfi Arnarsyni frá Kópavogsbæ.

Farið var yfir nýjar og breyttar reglur vegna lífeyrisskuldbindinga, áhrif aldurstengdra réttinda o.fl., sem og áhrif þessra breytinga á lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaganna, meðferð þeirra í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaganna og framkvæmd uppgjors við lífeyrissjóðina vegna þessa.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að boða til aukastjórnarfundar þriðjudaginn 13. júní til frekari yfirferðar um málið og kalla til fundarins framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðsins Brúar og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. BORGARLÍNA *Ímálsnr. 1610002*

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri og Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri Borgarlínu.

a) Fyrir fundinum lá minnisblað vegna framvindu og stöðu verkefnisins.

Fram kom að meginverkefni vegna undirbúnings Borgarlínunnar eru í samræmi við fyrirbyggjandi tímaáætlun. Formleg kynning á vinnslutillögu að legu Borgarlínunnar er í auglýsingarferli í samræmi við verkáætlun um innleiðingu línunnar í svæðisskipulag og aðalskipulag sveitarfélaganna

Upplýst var um niðurstöðu fundar 16. maí sl. með samgönguráðherra og niðurstöðu þess fundar sem fól m.a. í sér að ráðuneytið kemur til samstarfs við SSH um undirbúning að innleiðingu Borgarlínu og heildstæða greiningu á samgöngukerfum á höfuðborgarsvæðinu og mun ráðuneytið skipa sérstaka fulltrúa í sameiginlega stýrihóp vegna þessa.

b) Kynningarmál – skráning á léni og firmaskráning vegna Borgarlínunnar.



Framkvæmdastjóri upplýsti að SSH væri skráður eigandi að léninu borgarlínan.is og það lén væri tilbúið til notkunar vegna kynningar á Borgarlínunni. Jafnframt upplýsti framkvæmdastjóri að hann hefði falið KPMG að undirbúa skráningu á Borgarlínu ehf. til að tryggja yfirráð yfir firmaheitinu.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að ganga frá yfirtöku SSH á firmanu.

c) Erindi Fluglestarinnar frá 3. apríl 2017.

Fyrir fundinum lá ný tillaga Fluglestarinnar-þróunarfélags ehf. að samkomulagi við SSH og 3 aðildarsveitarfélög vegna mögulegs samstarfs við undirbúning að legu hraðlestar milli Keflavíkur og Reykjavíkur, ásamt minnisblaði svæðisskipulagsstjóra og verkefnisstjóra Borgarlínu vegna málsins.

Umræður.

Niðurstaða:

Samþykkt að senda tillögu Fluglestarinnar-þróunarfélags ehf. ásamt ofangreindu minnisblaði til efnislegrar umfjöllunar hjá aðildarsveitarfélögunum. Jafnframt var samþykkt að óska eftir lögfræðilegu áliti Jóhannesar Karls Sveinssonar á fyrirbyggjandi samningstillögu með hliðsjón af fyrri greinargerð hans um málið.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00